

45 Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kristfjárjarða.

16. mars.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 20. janúar þ. á., viðvíkjandi fyrirspurn sóknarprestans í Helgafellsprestakalli um það, hvort ábúendum kristfjárjarða gefist kostur á að fá ábýli sín keypt, og, ef svo sje, þá hver leið skuli farin til þess að ná kaupum á þeim, skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir tjeðum presti, að stjórnarráðið hefir eigi heimild til sölu kristfjárjarða svo sem til sölu kirkjujarða og þjóðjarða, og að þá er ræða hefir verið um sölu kristfjárjarða hefir verið leitað konungsleyfis til sölunnar, en að slíks leyfis mun stjórnarráðið eigi leita nema þegar sjerstaklega stendur á og salan þykir eigi athugaverð á nokkurn hátt vegna ákvæða í eignarheimildum þeim, er liggja fyrir um hverja einstaka jörð, og oftast munu vera gjafabrjef einstakra manna með ákveðnum fyrirmælum gefanda.

46 Brjef stjórnarráðsins til landlæknis um kenslu yfirsetukvænna.

26. mars.

Með brjefi, dags. 16. þ. m., hafið þjer, herra landlæknir, skýrt stjórnarráðinu frá, að tilhögun sú á kenslu yfirsetukvænna, sem ákveðin er í brjefi landshöfðingjans frá 15. des. 1884, sje, að yðar áliti, mjög óhentug. Látið þjer þess getið, að kenslutími þessi sje mikils til of stuttur og að því sje eigi auðið að kenna yfirsetukvænnaefnum alt, sem þær þurfa að læra og sjerstaklega verði verkleg æfing þeirra allsendis ónóg. Leggið þjer til, að stjórnarráðið breyti ákvæðum nefnds landshöfðingjabrjefs þannig, að í stað tveggja 3ja mánaða námskeiða á ári, sem nú eru, kom eitt 6 mánaða námskeið frá 1. okt. til 1. apríl ár hvert.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að með því að stjórnarráðið verður að vera yður sammála um, að hin núverandi kenslutími hljóti að vera alt of stuttur til undirbúnings undir hið mikilsverða starf yfirsetukvænna, samþykkir stjórnarráðið tjeða tillögu yðar, og ber yður því að haga kenslu þessari framvegis á ofangreindan hátt.

47 Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um rjettar-31. mars. **próf útaf brunum.**

Með því að ýmsir eldsvoðar, sem að hafa borið á síðari árum, þykja tortryggilegir eða að minsta kosti bera vott um talsvert skeytingarleysi í meðferð elds og eldfimra hluta, þykir stjórnarráðinu ástæða til að leggja fyrir yður, herra sýslumaður, þegar bruna ber að höndum, að halda reglulegt rjettarpróf svo fljótt sem því verður viðkomið og sjerstaklega reyna að fá upplýst eftirfylgjandi atriði:

1. Hvort eldstæði hafi verið eins og lög mæla fyrir, sbr. 8. gr. laga nr. 85, 22. nóvbr. 1907, og komi það í ljós, að svo hafi eigi verið, skal hlutaðeig- andi sæta sektum sbr. 12. gr. nefndra laga, hvort sem það sannast, að eldurinn hafi haft upptök sín þaðan eða ekki. 47
31. mars.
2. Hvort eldfimir hlutir hafi verið látnir í hús eða herbergi gegn lögum, sbr. 14. og 19. gr. nefndra laga. Sannist það, skal sömuleiðis beita sektum.
3. Yfirheyra skal þann, er fyrir skaða verður, um það, hvenær hann fyrst hafi váttrygt, í hvaða fjelagi, hvaða muni eða birgðir hann hafi váttrygt, og fyrir hve háa upphæð; sje umboðsmaður váttryggingarfjelaga nærstaddur, skal hann yfirheyrdur um þessi atriði, til þess að hægt sje að sannfæra sig um hvort rjett sje skýrt frá.
4. Ennfremur skal yfirheyra þann, sem fyrir skaða verður, um það, hve mikið hann hafi mist af munum, og sje um verslanir að ræða, hve miklar vörubirgðir hafi farist og hvaða verslunarbækur hafi verið haldnar; hafi þær bjargast, skal leggja þær fram í rjettinum og athuga hvort þær hafi verið reglulega færðar, og hvort skýrslu yfirheyra beri saman við þær, svo skal og yfirheyra alla verslunarþjóna og aðra, er ætla má, að hafi þekkingu um vörubirgðirnar.
5. Þar sem slökkviáhöld eru, skal það upplýst, hvenær slökkviliðsstjóra hafi verið gjört viðvart um eldsvoðann, hvenær slökkvidælurnar hafi komið á brunastaðinn, hvort þær hafi verið í lagi eða ekki. Loks skal leita skýrslna slökkviliðsstjóra um, hvar hann hyggur að eldurinn hafi komið upp og af hvaða ástæðum. Að endingu skal það tekið fram, að yfirheyra ber að sjálf-sögðu alla þá, er ætla má að gæti gefið einhverjar upplýsingar um uppkomu eldsins og þann skaða, er hann hefir í för með sjer.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um kostnað við skoðun kirkjujarða. 48

7. apríl.

Með brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað reikning, að upphæð 8 kr., frá hreppstjóranum í Grímsneshreppi yfir kostnað við skoðun kirkjujarða samkvæmt 11. gr. í lögum nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta, og hafið þjer jafnframt eftir beiðni hans spurst fyrir um það, hvort hann geti ekki vænst þess að fá kostnað þenna endurgoldinn.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hreppstjóranum, að honum ber eigi önnur borgun fyrir umsjón með kirkjujörðum — þar með talin skoðun á jörðunum samkvæmt 11. gr. laganna — en sú, sem ákveðin er í 8. gr. nefndra laga.